# LÖG

## um breyting á lögum um stofnun og slit hjúskapar, nr. 39 27. júní 1921.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í stað „21 árs" í 2. mgr. 4. gr. komi: 20 ára.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 5. maí 1969.*

**Kristján Eldjárn.**
(L. S.)

*Jóhann Hafstein.*

Nr. 35. 5. maí 1969.

# LÖG

## um breyting á læknaskipunarlögum, nr. 43 12. maí 1965.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

4. gr. laganna orðist svo:

Læknamiðstöð er stofnun, er veitir heilbrigðisþjónustu á tilteknu landssvæði, einu eða fleiri læknishéruðum samkv. 1. gr. laga þessara eða hluta þeirra, og við starfa eigi færri en tveir læknar, þar af minnst einn héraðslæknir.

Ráðherra er heimilt að stofna miðstöðvar samkvæmt tillögu landlæknis og eftir því sem fé er veitt til á fjárlögum.

Áður en ákveðið er að stofna læknamiðstöð, skal leita álits hlutaðeigandi sveitarfélaga, Tryggingastofnunar ríkisins, stjórnar Læknafélags Íslands, svo og hlutaðeigandi héraðslækna, ef héruð þau, sem stöðin á að þjóna, eitt eða fleiri, eru skipuð héraðslæknum. Nú hefur læknamiðstöð verið stofnuð, og er þá heimilt að stækka það svæði, sem hún þjónar, að fengnum tillögum ofangreindra aðila og með þeim fyrirvara að öðru leyti, sem þessi málsgr. kveður á um.

Þegar liðin eru 5 ár frá því, að læknamiðstöð samkv. fyrstu málsgr. tók til starfa, verður svæði það, sem stöðin þjónar, eitt læknishérað, ef um fleiri en eitt hérað er að ræða, og ákveður ráðherra nafn hins nýja héraðs. Ákvæði þessarar málsgr. gildir einnig, þegar svæði læknamiðstöðvar er stækkað.